

AFKOMA ÞRIÐJA ÁRSFJÓRÐUNGS OG 9 MÁNAÐA 2014 HELSTU NIÐURSTÖÐUR

9 MÁNUÐIR

- Hagnaður eftir skatta var 18,2 ma. kr. á fyrstu 9 mánuðum ársins samanborið við 15,4 ma. kr. á sama tímabili 2013
- Arðsemi eigin fjár eftir skatta var 13,8% samanborið við 13,4% á sama tímabili 2013, þrátt fyrir að eigið fé bankans hækkaði um 14% á milli ára úr 160 ma. kr. í 181 ma. kr.
- Hreinar vaxtatekjur voru 20,6 ma. kr. (9M2013: 21,9 ma. kr.)
- Hreinar þóknatekjur voru 8,5 ma. kr. (9M2013: 7,6 ma. kr.) Aukninguna má að mestu rekja til viðskiptabankasviðs, markaða, eignastýringar og dótturfélaga.
- Kostnaðarhlutfall bankans var 54,4% (9M2013: 58,4%); kostnaðaraðhald er farið að bera árangur.
- Eiginfjárlutfall var áfram sterkt eða 29,4% samanborið við 28,4% í lok árs 2013, og eiginfjárlutfall A (Tier 1) var 26,3% (árslok 2013: 25,1%).
- LPA hlutfallið var 7,0% (árslok 2013: 8,3%). Hlutfall vanskila umfram 90 daga var 3,1% (árslok 2013: 3,5%).
- Heildareignir voru 931 ma. kr. (árslok 2013: 866 ma. kr.), sem er 7,5% aukning frá áramótum.

ÞRIÐJI ÁRSFJÓRÐUNGUR

- Hagnaður eftir skatta var 3,5 ma. kr. á 3. ársfjórðungi samanborið við 4,2 ma. kr. á sama tímabili 2013
- Arðsemi eigin fjár var 7,9% á fjórðungnum (3F2013: 10,6%).
- Hreinar vaxtatekjur voru 7,1 ma. kr. á fjórðungnum (3F2013: 7,4 ma. kr.) Hreinn vaxtamunur var 3,1% (3F2013: 3,5%) sem er í takt við langtíma áætlanir bankans.
- Hreinar þóknatekjur voru 2,8 ma. kr. (3F2013: 2,5 ma. kr.) sem er 16% hækkun milli ára.
- Heildar eignir voru 931 ma. kr. (júní 2014: 908 ma. kr.) og jukust um 3% á fjórðungnum.
- Heildarinnlán jukust í 561 ma. kr. úr 543 ma. kr. í lok júní 2014 sem má rekja til eðlilegra sveiflna í innlánum frá viðskiptavinum og fjármálastofnunum.

Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka:

„Ég er ánægð með afkomuna á fyrstu 9 mánuðum ársins sem er í samræmi við áætlanir. Það verður þó áframhaldandi áskorun að styrkja grunnreksturinn með kostnaðaraðhaldi og auknum tekjuvexti. Við höfum lagt áherslu á að auka hagkvæmni í rekstri en lækkan á stjórnunarkostnaði var 6,4% milli ára. Útlán til viðskiptavina hafa aukist um 54 milljarða króna á þessu ári.“


Íslandsbanki hefur alltaf verið sterkur á sviði vörubrúnar á fjármálamarkaði og lagt áherslu á að bregðast við þörfum viðskiptavina á því sviði. Gott dæmi um þetta eru svokölluð fyrstukaupalán sem við kynntum á fjórðungnum en það eru fasteignalán á betri kjörum fyrir þá sem eru að kaupa húsnæði í fyrsta skipti. Við erum einnig stöðugt að þróa Íslandsbanka Appið með nýjum aðgerðum og sjáum 100% aukningu í fjölda færslna frá áramótum en samtals hafa 45 þúsund notendur hlaðið Appinu niður.

Um 5.000 viðskiptavinir Íslandsbanka eiga rétt á leiðréttingu á verðtryggðum húsnæðislánum sínum í tengslum við aðgerðir ríkisstjórnarinnar. Leiðréttingin er fjármögnuð með sérstökum bankaskatti og gerir Íslandsbanki ráð fyrir að greiða um 2,4 milljarða króna í þann skatt á árinu. Mikilvægt er að þetta verði tímabundin skattheimta eins og kynnt hefur verið. Aukin skattheimta sýnir mjög samkeppnishæfni íslenskra banka við erlendar fjármálastofnanir í þjónustu við stærri fyrirtæki landsins.“


Nánari upplýsingar veita:

- Fjárfestatengili – Guðbjörg Birna Björnsdóttir, ir@islandsbanki.is og í síma: 440 4752.
- Upplýsingafulltrúi – Guðný Helga Herbertsdóttir, pr@islandsbanki.is og í síma 440 3678.

HAGNAÐUR EFTIR SKATTA m.kr.



ARÐSEMI EIGIN FJÁR %



HELSTU TÖLUR	30.09.14	31.12.13
Efnahagsreikningur	ma. kr.	ma. kr.
Heildareignir	931	866
Útlán til viðskiptavina	608	555
Heildarinnlán	561	519
Eigið fé	181	167
Innlánahlutfall	92%	94%
Eiginfjárlutfall A (T1)	26.3%	25.1%
Eiginfjárlutfall	29.4%	28.4%

HELSTU TÖLUR	3Q14	3Q13
Rekstrarreikningur	ma. kr.	ma. kr.
Arðsemi eigin fjár	7.9%	10.6%
Arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi	14.4%	14.7%
Hagnaður eftir skatta	3.5	4.2
Hagnaður af reglulegri starfsemi	4.2	3.9
Kostnaðarhlutfall	52.0%	50.3%
Vaxtamunur	3.1%	3.5%

REKSTRARREIKNINGUR


m.kr.	9M14	9M13	3Q14	3Q13	FY13
Hreinar vaxtatekjur	20.636	21.883	7.068	7.365	28.430
Hreinar þóknatekjur	8.521	7.584	2.849	2.462	10.433
Hreinn gengishagnaður (tap)	50	(1.306)	352	409	(2.423)
Hreinar fjármunatekjur	965	1.865	83	315	4.612
Aðrar rekstrartekjur	1.613	1.445	233	314	1.545
Rekstrartekjur samtals	31.785	31.471	10.585	10.865	42.597
Laun og launatengd gjöld	(9.811)	(9.871)	(2.930)	(2.852)	(13.361)
Annar rekstrarkostnaður	(6.679)	(7.752)	(2.301)	(2.355)	(12.190)
Stjórnunarkostnaður	(16.490)	(17.623)	(5.231)	(5.208)	(25.551)
Virðisrýmun viðskiptavildar	0	0	0	0	0
Iðgjald í Tryggingasjóð innistæðueigenda og fjárfesta	(790)	(754)	(272)	(252)	(1.016)
Bankaskattur	(1.879)	(208)	(664)	(76)	(2.321)
Rekstrarkostnaður samtals	(19.159)	(18.585)	(6.167)	(5.536)	(28.888)
Hagnaður fyrir virðisbreytingu útlána og krafna	12.626	12.886	4.418	5.329	13.709
Virðisbreyting útlána og krafna	5.804	8.405	65	555	16.299
Hagnaður fyrir skatta	18.430	21.291	4.483	5.884	30.008
Tekjuskattur	(4.806)	(5.365)	(1.255)	(1.570)	(7.866)
Hagnaður tímabilsins af áframhaldandi starfsemi	13.624	15.926	3.228	4.314	22.142
Hagnaður (tap) af aflagðri starfsemi	4.566	(529)	307	(125)	927
Hagnaður tímabilsins	18.190	15.397	3.535	4.189	23.069

TEKJUR

- Heildar rekstrartekjur voru 10,6 ma. kr. á 3F2014, samanborið við 10,9ma. kr. á 3F2013 og 31,8 ma. kr. á 9M2014, samanborið við 31,5 ma. kr. á sama tíma 2013.
- 94% af rekstrartekjum bankans eru í formi vaxta- og þóknatekna, sem er í samræmi við áherslu bankans á grunntekjur og það markmið að að skapa stöðugt sjóðstreymi til langs tíma.
- Hreinar vaxtatekjur voru 7,1 ma. kr. á þriðja fjórðungi 2014 (3F2013: 7,4 ma. kr.).
- Vaxtamunur, reiknaður sem hlutfall af meðalstöðu heildareigna, var 3,1% (3F2013: 3,5%). Vaxtamunur hefur náð jafnvægi eftir að hafa verið hlutfallslega hárf af ýmsum ástæðum.
- Verðtryggingarjofnuður var 38,1 ma. kr. í lok september (júní 2014: 26,8 ma. kr.). Honum hefur verið stýrt með skiptasamningum, útgáfu verðtryggðra sértryggðra skuldabréfa og bundnum verðtryggðum innlánnum.
- Hreinar þóknatekjur voru 2,8 ma. kr. (3F2013: 2,5ma. kr.) sem er hækkun um 16% á milli ára og 8,5 ma. kr. á 9M2014 (9M2013: 7,6 ma. kr.). Hækkunina má að mestu rekja til viðskiptabankasviðs, markaðsviðskipta, eignastýringar og dótturfélaga bankans.
- Hreinn gengishagnaður á 9M2014 var 50 m.kr., samanborið við 1,3 ma. kr. tap á sama tíma 2013. Gjaldreyrisjófnuði bankans, 22,9 ma. kr. í lok september (júní 2014: 21,7 ma. kr.) er stýrt innan vel skilgreindra marka og er nú um 12,5% af eigin fé.
- Hreinar fjármunatekjur, sem að stærstum hluta eru vegna gangvirðisbreytinga á hlutabréfum voru 83 m.kr. á fjórðungnum (3F2013: 315 m.kr.).
- Aðrar rekstrartekjur, sem samanstanda að megninu til af leigutekjum, tekjum vegna þjónustusamninga og aflagðrar starfsemi, voru 233 m.kr. á fjórðungnum, samanborið við 314 m.kr. á 3F2013.


HREINAR VAXTATEKJUR

m.kr.



HREINAR ÞÓKNATEKJUR

m.kr.



REKSTRARREIKNINGUR – frh.

KOSTNAÐUR

- *Rekstrarkostnaður samtals* var 6,2 ma. kr. á 3F2014 (3F2013: 5,5 ma. kr.) og 19,2 ma. kr. á 9M2014 (9M2013: 18,6 ma. kr.)
- *Kostnaðarhlutfall* á fjórðungnum var 52,0% (3F2013: 50,3%), sem er í takti við langtímamarkmið um 55% kostnaðarhlutfall. Kostnaðarhlutfallið undanskilur bankaskatt og einskíptiskostnað.
- *Stjórnunarkostnaður* hækkaði um 0,4% í 5,23 ma. kr. (3F2013: 5,20 ma. kr.) sem jafngildir 1,75% lækkun að teknu tilliti til verðbólgu. Þetta er í takti við áherslur bankans að lækka kostnað og árangur í lykilverkefnum er snúa að skilvirkum rekstri og hagræðingu.
- *Laun og launatengd gjöld* voru 2,9 ma. kr. á fjórðungnum sem er hækkun um 2,8% milli ára.
- Meðalfjöldi stöðugilda samstæðunnar var 1.169 á þriðja ársfjórðungi sem er 4,8 fækkun frá sama tímabili 2013. Heildarlaun eru reiknuð út frá starfsmannafjölda samstæðunnar.
- Meðalfjöldi stöðugilda móðurfélagsins var 1,018 á þriðja ársfjórðungi sem er 5,9% fækkun frá sama tímabili 2013.
- *Annar rekstrarkostnaður* lækkaði um 2,3% á milli ára, í 2,3 ma. kr. á þriðja ársfjórðungi 2014 úr 2,4 ma. kr. á sama tímabili 2013.
- *Framlag í Tryggingarsjóð innstæðueigenda* var 272 m.kr. á fjórðungnum (3F2013: 252 m.kr.). Framlagið sveiflast með heildar innstæðum og lægri áhættuvigt vegna hækkunar á eigin fé bankans og lægra hlutfalls eigna í endurskipulagningu (LPA).
- *Virðisbreyting útlána og krafna* var 65 m.kr. á fjórðungnum (3F2013: 555 m.kr.) og 5,8 ma. kr. á 9M2014 (9M2013: 8,4ma. kr.).


SKATTAR OG GJÖLD

- Skattheimta á fjármálayfirtæki hefur aukist töluvert á undanförunum árum, m.a. með hinum tímabundna bankaskatti og álagningu sérstaks 6% fjársýsluskatts á hagnað fjármálayfirtækja umfram 1 ma. kr.
- *Tekjuskattur* var 1,3 ma. kr. á fjórðungnum samanborið við 1,6 ma. kr. á 3F13.
- *Bankaskattur* var 664 m.kr. á fjórðungnum (3F2013: 76 m.kr.) og 1,9 ma. kr. á 9M2014 (9M2013: 208 m.kr.). Nýjar reglugerðir hafa aukið skattprósenta úr 0,041% af heildarskuldum síðasta árs, í 0,376% af skuldum umfram 50 ma. kr.
- Fjársýsluskattur á laun sem er nú 5,5% en var 6,75% 2013 var 156 m.kr. (3F2013: 192 m.kr.) og 476 m.kr. á 9M2014 (9M2013: 583 m.kr.).
- *Kostnaður vegna FME og umboðsmanns skuldara* var 90 m.kr. samanborið við 105 m.kr. á 3F2013 og 266 m.kr. á 9M2014 (9M2013: 332 m.kr.)
- Skattar og gjöld greidd til ríkisins og annarra aðila námu samtals 2,4 ma. kr. á þriðja ársfjórðungi, samanborið við 2,2 ma. kr. á þriðja ársfjórðungi 2013, sem er hækkun um 11% á milli ára.

HAGNAÐUR AF AFLAGÐRI STARFSEMI


- *Hagnaður af aflagðri starfsemi* eftir skatta var 307m.kr. á 3F2014 (3F2013: -125 m.) og 4,6 ma. kr. á 9M2014 (9M2013: -529m.kr.) Hagnaðurinn á 9M14 var einkum vegna sölu á dótturfélögum í óskyldum rekstri.
- Eignir í liðnum fastafjármunir og aflögð starfsemi á efnahagsreikingi voru 23 ma. kr. (júni 2014: 24 ma. kr.) en hafa helmingast frá lokum árs 2013 (47 ma. kr.) Þetta er í takti við stefnu bankans um að selja eignir í óskyldum rekstri eftir fjárhagslega endurskipulagningu þeirra.

VAXTAMUNUR




REKSTRARKOSTNAÐUR

% (án afskriftar viðskiptavilar)




KOSTNAÐARHLUTFALL

% (án bankaskatts og einskíptiskostnaðar)




SKATTAR OG GJÖLD	3Q14	3Q13
Rekstrarreikningur	m.kr.	m.kr.
Tekjuskattur	1.255	1.570
Bankaskattur	664	76
Fjársýsluskattur	156	192
FME og umboðsmaður skuldara	90	105
Tryggingasjóður innstæðueigenda og fjárfesta	272	252
Samtals	2.437	2.195

SKIPTING REKSTRARTEKNA



REKSTRARREIKNINGUR – frh.

- *Hagnaður eftir skatta* var 3,5 ma. kr. á fjórðungnum (3F2013: 4,2 ma. kr.), og 18,2 ma. kr. á 9M2014 (9M2013: 15,4 ma. kr.).
- *Arðsemi eigin fjár* var 7,9% á fjórðungnum (3F2013: 10,6%) og 13,8% á 9M2014 (9M2013: 13,4%) sem er vel yfir langtímamarkmiði bankans um 12% arðsemi eigin fjár. Hækkun arðsemi milli ára er aðallega drifin af lækkun kostnaðar og hagnaði af aflagðri starfsemi.
- *Hagnaður af reglulegri starfsemi* nam 4,2 ma. kr. á fjórðungnum (3F2013: 3,9 ma. kr.) og 11,4 ma. kr. á 9M2014 (9M2013: 9,9 ma. kr.). Arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi var 9,3% á fjórðungnum samanborið við 9,8% á sama tíma 2013.




EFNAHAGSREIKNINGUR

EIGNIR, m.kr.	30.09.2014	30.06.2014	31.12.2013
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka Íslands	135.138	128.135	111.779
Afleiðusamningar	2.165	1.348	843
Skuldabréf og skuldagerningar	86.007	72.380	75.186
Hlutabréf og eiginfjárgerningar	10.884	12.006	9.208
Útlán til lánastofnana	41.720	45.334	44.078
Útlán til viðskiptavina	608.328	603.697	554.741
Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum	797	1.583	1.563
Varanlegir rekstrarfjármunir	8.129	8.610	8.772
Óefnislegar eignir	339	357	299
Tekjuskattsinneign	694	981	1.275
Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi	22.897	23.996	47.106
Aðrar eignir	13.871	9.104	11.159
Eignir samtals	930.969	907.531	866.009

EIGNIR


- *Skuldabréf og skuldagerningar* voru 86 ma. kr., og samanstanda aðallega af ríkisskuldabréfum útgefnum af G5 ríkjum sem eru hluti af lausafjár safni bankans.
- *Hlutabréf og eiginfjárgerningar* voru 11 ma. kr. sem er lækkun frá 12 ma. kr. í lok júní 2014. Breytingin er aðallega vegna gangvirðisbreytinga á hlutabréfum.
- *Lán til viðskiptavina* voru 608 ma. kr. sem er 1% hækkun frá lokum júní 2014. Viðskiptavinir nýta áfram hvert tækifæri til að borga inn á lán og lækka skuldsetningu sína.
- Endurskipulagningu stærstu fyrirtækjaútlána lauk á árinu 2013. Endurskipulagningu allrar lánabókarinnar verður lokið fyrir árslok 2014.
- Gæði eignasafns héldu áfram að aukast, en hlutfall lána í endurskipulagningu (LPA) er nú 7,0% samanborið við 8,3% við árslok 2013. Þau minni mál sem enn er ólókð munu hvert um sig hafa lítil áhrif á hlutfallið.
- Hlutfall vanskila umfram 90 daga var 3,1% (júní 2014: 3,5%).
- *Fastafjármunir til sölu* lækkuðu í 23 ma. kr. (júní 2014: 24 ma. kr.), sem er 51,4% lækkun frá áramótum.
- *Heildareignir* voru 931 ma. kr. samanborið við 908 ma. kr. í lok júní 2014.

LÁN Í ENDURSKIPULAGNINGU (LPA)



ÚTLÁN

%, eftir geirum 30.09.14



**EFNAHAGSREIKNINGUR –
frh.**



SKULDIR OG EIGIÐ FÉ, m.kr.	30.09.2014	30.06.2014	31.12.2013
Afleiðusamningar og skortstöður	8.118	8.288	11.176
Innlán Seðlabanka Íslands og lánastofnana	24.405	23.287	29.689
Innlán viðskiptavina	536.104	520.128	489.331
Lántaka	97.714	100.249	89.193
Víkjandi lán	21.089	21.278	21.890
Skattskuldir	14.103	13.554	10.826
Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi	3.565	3.483	9.456
Aðrar skuldir	44.554	39.542	37.130
Skuldir samtals	749.652	729.809	698.691
Eigið fé samtals	181.317	177.722	167.318
Heildarskuldir og eigið fé	930.969	907.531	866.009

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

- *Innlán viðskiptavina* jukust í 536 ma. kr., samanborið við 520 ma. kr. í júní 2014. Hlutfall innlána á móti útlánum var 86,2% (júní 2014: 83,7%) og hlutfall innlána viðskiptavina á móti útlánum til viðskiptavina var 88,1% (júní 2014: 86,2%).
- *Innlán lánastofnana og SÍ* jukust í 24,4 ma. kr. úr 23,3ma. kr. í júní 2014. Þessi innlán eru í eðli sínu kvikari en hefðbundin innlán og sveiflast meira á milli tímabila.
- *Lántaka* nam 97,7 ma. kr. (júní 2014: 100 ma. kr.) sem er 2,5% lækkun á fjórðungnum. Þar af voru sértryggð skuldabréf 30,5 ma. kr. og skuldabréf 4,6 ma. kr.
- *Víkjandi lántaka* bankans nam 21,1 ma. kr. en um er að ræða Tier 2 bréf að fjárhæð 138 milljónir evra sem er á gjalddaga árið 2019.
- *Heildarskuldir* voru 749,7 ma. kr. (júní 2014: 729,8 ma. kr.).
- *Eigið fé* bankans var 181ma. kr. (júní 2014: 178 ma. kr.), sem er hækkun um 2,0% á fjórðungnum.
- Eiginfjárlutfall bankans var áfram sterkt og stóð í 29,4% (júní 2014: 29,3%), þar af var eiginfjárlutfall A (Tier1) 26,3% (mars 2014: 26,1%).
- Skuldsetningarhlutfall (leverage ratio) var 20,2% sem er hátt í alþjóðlegum samanburði (júní 2014: 20,1%).

FJÁRMÖGNUN OG LAUSAFJÁRSTAÐA

- Lausafjárstaða bankans er sterk og eru lausafjárlutföll bankans vel umfram kröfur eftirlitsaðila og innri viðmið.
- Basel III lausafjárlutfall bankans (LCR) var 154% í lok september 2014 en samkvæmt lausafjárreglum Seðlabanka skal hlutfallið ekki vera lægra en 70% og krafan hækkar í skrefum upp í 100% árið 2017.
- Fyrstu evruútgáfu bankans að fjárhæð 100 m. evra lauk í maí og fylgdi í kjölfar vel heppnaðra útgáfa í sænskum krónum í desember og mars.
- Kjörin halda áfram að batna. SEK útgáfan í desember var gefin út með 400 punkta álagi yfir 3ja mánaða Stibor og mars útgáfan með 330 punkta álagi.
- S&P staðfesti áhættumat bankans BB+/B og breytti horfum úr stöðugum í jákvæðar í október 2014.
- Íslandsbanki hefur fest sig í sessi sem stærsti útgefandi sértryggðra skuldabréfa á Íslandi og er stefna bankans að gefa út slík bréf fyrir um 10 milljarða króna árlega. Bankinn gefur einnig reglulega út skammtímavíxla.

INNLÁNAHLUTFALL

EIGINFJÁRLUTFÖLL

FJÁRHAGSDAGATAL

Stefnt er að birtingu árshluta- og ársuppgjors á neðangreindum dagsetningum, þær eru birtar með fyrirvara um breytingar:

- Þögult tímabil 14- 24 febrúar 2015
- 4F14 – 24. febrúar 2015
- 1F15 – 13. maí 2015
- 2F15 – ágúst 2015

Allar upplýsingar um afkomu bankans má finna á www.islandsbanki.is/fjarfestatengsl